

Interior Easy Finish 40

Flügger Interior eru vatnsleysanlegar vörur til lokameðhöndlunar á viði og málm innanhúss. Vörurnar eru einfaldar í notkun og ljá yfirborðinu fallega lakkáferð.

Vörulýsing

Akrýlenamel með fyllingu, hlaupkenndri og ýringarlausri áferð sem tryggir góða þykkt lagsins og góða þekju og lágmarkar að málningin renni til. Mælt með fyrir efnivið sem þarf að þola fagurfræðilega og miðlungs hagnýtar kröfur.



- Auðvelt og fljótlegt að nota.
- Ríkt yfirborð
- Háflgljáandi yfirborð

Merkingar



Name: RAL 9010

✓

Name: Modevit

✓

Name: Offwhite S0500-N

✓

Name: Kalkhvít

✓

Name: hvítt

✓

Name: Base 1

✓

Name: Base 3

✓

Name: Base 4

✓

Notkunarmöguleikar

Fyrir hurðar, dyrakarma, þiljur, lista og sóplista, sem og ryðvarið járn og málm innanhúss.

Undirlag

Verður að vera hreint, þurrt, þétt og henta til yfirborðsmeðhöndlunar.

Meðhöndlun

Efni sem loðir laust við og umframmálning eru fjarlægð með þússun og hreinsun.

Óhreinindi, bletti, fitu og smitandi efni skal fjarlægja með Fluren 37.

Vatnsleysanlega mislitun, nikótínbletti og sót skal þrifa af með Fluren 49 og meðhöndla með Iso Primer.

Hart, gljáandi undirlag er slípað matt og grunnmálað eftir þörfum með Fix Primer.

Sprungur, ójöfnur og göt þarf að spartla.

Nýjan eða óvarinn, strípaðan við skal grunnmála með Stop Primer.

Berið 1–2 umferðir á. Sumir litatónar krefjast fleiri umferða.

Notkun

Borið á með pensli, rúllu eða sprautu

Val á verkfærum ætti að ráðast af kröfum um endanlegt útlit

Notið „blautt á blautt“-aðferð við málunina og strjúkið penslinum ævinlega í sömu átt

Notið alltaf efni með sama lotunúmeri fyrir samliggjandi eða órofna yfirborðsfleti

Endanleg útkoma getur verið lítillega mismunandi, eftir gerð og byggingu yfirborðsefna

Kuldi eða hiti getur haft áhrif á seigju efnisins

Hitastig efnis þegar því er sprautað á verður að vera minnst 12 °C

Rakauppsöfnun má ekki eiga sér stað á meðan efnið þornar/harðnar

Kuldi og aukinn loftraki lengir þornunartímann, herðingartímann og tímann sem líður milli umferða

Hærri lofthiti og lítill loftraki stytta þornunartímann og herðingartímann

Gerð ævinlega prufu til að kanna viðloðun og endanlegt útlit

Væntanleg útkoma

Hálfgljáandi yfirborð.

Góð viðloðun og rík áferð.

Polir venjulega sótthreinsun og þrif með alhliða þvottaefni, mjúkum bursta, vatni og klút.

Sterkir og sérstaklega dökkir tónar eru viðkvæmari en ljósari litir þegar kemur að slitþoli.

Sterkir litir kunna að smita út frá sér.

Kemur ekki í veg fyrir skemmdir vegna kvista, vatnsleysanlegra litarefna, vatnsbletta og nikótínbletta.

Forðist álag á yfirborðið þar til málningin er fullkomlega þurr.

Umhverfisupplýsingar

Fjarlægjið sem mesta málningu af verkfærunum og þrífið þau svo með vatni. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

Geymsla: Geymist vel lokað á svölum og frostlausum stað

Öryggisbúnaður: Úðun: Samfestingur, algríma með samsettri síu. Penslun/rúllun: Hlífðargleraugu og hanskar. Þússun: Búnaður til verndar öndunarfærum.

Viðbótar upplýsingar

Skráð í gagnagrunn fyrir vistvænar byggingarvörur á Norðurlöndunum (Nordic Ecolabelling Building Products Database), sem er skrá yfir vörur sem er heimilt að nota við Svansmerkt byggingarverkefni.

Tæknilegar upplýsingar

Vara	Akrýllakk
Gljái	40;Hálf-gljáa
Eðlisþyngd (kg/l)	1.28
Þurrefnisinnihald vigt %	53
Þurrefnisinnihald rúmmál %	39
Efnisnotkun (m ² /ltr.)	8
Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun	Min. +10°C
Loftraki	Hám. loftraki 80% RH.
Þurrktími við 20°C, 60% RH (Tímar)	1
Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF	6
Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF	28
Heildarlosun samkv. ISO 16000-9:2011: (< μg/m ² h eftir 28 daga)	17
Þvottheldni í samræmi við EN-13300/ISO-11998	Class 1
Þynning	Með vatni, þarf yfirleitt ekki að þynna
VOC hámarksgildi (g/l)	10
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn

Núverandi TDS útgáfa

maí 2021

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

október 2020